Nr. 1307 16. desember 2019

# REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 963/2019, um veiðar með dragnót við Ísland.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Leyfi til dragnótaveiða sem gefin voru út fiskveiðiárið 2019/2020 á grundvelli reglugerða nr. 1061/2013, um dragnótaveiðar og 1066/2013, um dragnótaveiðar í Faxaflóa, skulu gilda til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu 2019/2020, sbr. ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og gildir til 31. ágúst 2020.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. desember 2019.*

**Kristján Þór Júlíusson**
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Jóhann Guðmundsson.*

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2020